

Úttekt á starfsemi
Grunnskóla Hornafjarðar
október 2010 til janúar 2011

Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið



Hitt og Þetta ehf.

Jón Bergsson

Guðrún Helga Sederholm

Kópavogur, 27. Janúar 2011

Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

 Hitt og Petta ehf

Ráðgjafarþjónusta

Víðigrund 61, 200 Kópavogur

Sími 5544873 – 8645622

Kt. 560896 – 2989

www.hittog.com

Efnisyfirlit

HEILDARMAT	1
INNGANGUR	3
MARKMIÐ ÚTTEKTAR	3
FRAMKVÆMD	3
SKÓLINN	5
STUTT LÝSING Á GRUNNSKÓLA HORNAFJARÐAR	5
SAMEINING GRUNNSKÓLA HORNAFJARÐAR	5
SKÓLASTEFNA	8
REKSTUR OG STJÓRNUN	9
LÖG OG REGLUGERÐIR	11
YTRI TENGL	12
<i>Foreldrasamstarf</i>	12
<i>Tómstundastarf nemenda</i>	13
<i>Tengsl við umhverfið</i>	14
TILLÖGUR	14
SKÓLANÁMSKRÁ	15
TENGL VIÐ AÐALNÁMSKRÁ OG SKÓLASTEFNU SVEITARFÉLAGSINS	15
SÉRSTAKAR ÁHERSLUR SKÓLANS	16
STARFSÁÆTLUN	17
VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ	18
VAL Í NÁMI	19
TENGL SKÓLASTIGA	19
SKÓLAPRÓUN	20
TILLÖGUR	21
KENNSLA, NÁMSMAT OG NÁMSÁRANGUR	22
KENNSLA	22
NÁMSMAT	22
NÁMSÁRANGUR	23
TILLÖGUR	24
FÉLAGSLEGT UMHVERFI	25
EINELTI Í SKÓLANUM	25
NEMENDAVERNDARRÁÐ	25
SKÓLABRAGUR	26
FORVARNARSTARF	27
TILLÖGUR	27
STOÐÞJÓNUSTA	28
TILLÖGUR	29
MAT Á SKÓLASTARFI	30
INNRA MAT	30
EFTIRLIT SVEITARSTJÓRNAR MEÐ SKÓLASTARFINU	31
TILLÖGUR	32



NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA.....	34
STYRKLEIKAR OG VEIKLEIKAR.....	34
<i>Styrkleikar</i>	34
<i>Veikleikar</i>	34
TILLÖGUR AÐ AÐGERÐUM TIL ÚRBÓTA	35
HEIMILDIR	37



Heildarmat

Segja má að Grunnskóli Hornafjarðar standi að mörgu leyti á byrjunarreit, a.m.k. hvað varðar skólafélagið, starfsáætlun, einstaklingsmiðað nám og námsmat, sjálfsmat og eftirlitsskyldu sveitarfélagsins. Mikil vinna er framundan sem krefst markvissra vinnubragða.

Sameining Grunnskóla Hornafjarðar hefur tekið nokkuð langan tíma og stendur að sumu leyti ennþá sem er hindrandi fyrir þróun skólans. Binda þarf endi á sameininguna sem fyrst og styrkja stöðirnar í Grunnskóla Hornafjarðar. Engin stefna hefur verið mótuð fyrir skólann og því erfitt að setja raunhæf námsmarkmið. Vinna við einstaklingsmiðað nám er óunnin og sjálfsmat er ekki orðið að veruleika né er það grundvöllur umbótastarfs í skólanum.

Nú er hafið starf við að koma sjálfsmati af stað og mikilvægt er að það takist vel, sé altækt og árangursmiðað og gagnist skólanum í því umbótastarfi sem framundan er.

Skólanefnd og skólustjórar þurfa að sjá til þess að skólanámskrá og starfsáætlun Grunnskóla Hornafjarðar sé skilmerkilega og heildstætt fram sett og farið sé eftir kvöðum ráðuneytisins um umfjöllun í skólaráði og samþykkt skólanefndar.

Nánari skilgreiningar og afmörkun vantar varðandi sérstöðu skólans í skólanámskrá. Skólanámskrá þarf að stytta og gera mun markvissari og aðgengilegri.

Nemendaverndarráð starfar ekki samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008. Stjórnendur reyna að komast hjá því að nota heitið nemendaverndarráð og vilja sjálfir skilgreina hlutverk þess.

Menntunarstig kennara hefur hækkað á undanförunum árum enda stjórnendur jákvæðir í garð menntunar og endurmenntunar kennara. Allir bóknámskennarar eru með réttindi eða eru að ljúka þeim á yfirstandandi skólaári. Leiðbeinendur eru aðeins við kennslu verklegra greina.

Foreldrar eru mjög jákvæðir í garð skólans og góð tengsl eru við atvinnulífið á staðnum og náttúruna umhverfis. Samskipti innan skólans eru góð og hugtök eins og lýðræði og jafnrétti eru í heiðri höfð að mati allra viðmælenda okkar.

Hitt og Þetta ehf.

Sveitarstjórnin hefur ekki sinnt eftirlitshlutverki sínu með innra starfi skólans eins og lög gera ráð fyrir, en sótti um þessa úttekt til mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem ber vott um að hún vilji styðja við skólann.

Grunnskóli Hornafjarðar hefur verið undir meðaltali á samræmdum könnunarprófun undanfarin ár og er enn nú í haust. Líklega eru margar ástæður fyrir þessu og ekki er hægt að benda á neitt eitt sem meginorsök. Sennilegast er að allt það sem hér hefur verið nefnt séu samverkandi þættir.

Fagleg einangrun af landfræðilegum ástæðum er mikil og þess vegna er erfitt að halda uppi öflugri umræðu og samskiptum við aðra skóla. Það mætti vel hugsa sér þróunarverkefni sem fæli í sér vináttutengsl við stærri grunnskóla, hugsanlega á höfuðborgarsvæðinu, sem hefði reynslu af ýmsum þeim þáttum sem erfiðlega hefur gengið að vinna með eins og einstaklingsmiðun, námsmat, sjálfsmat og afmörkun í ýmsu tilliti.

Inngangur

Markmið úttektar

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (MMR) sendi Hitt og Þetta ehf (www.hittog.com) „Erindisbréf vegna úttektar á Grunnskóla Hornafjarðar haustið 2010“, þann 21. október 2010 (MMR10100200/6.14.2-). Þar segir:

„Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum um grunnskóla, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla. Í úttektinni skal m.a. áhersla lögð á stjórnun, skipulag kennslu, innra mat, námskröfur og fyrirkomulag námsmats. Úttektin skal einnig beinast að mati og eftirliti sveitafélagsins með skólastarfi og hvernig það nýtist skólanum.“

Úttektin skal unnin á tímabilinu október 2010 til janúar 2011, og byggja á fyrirbyggjandi gögnum og viðtölum við skólastjóra, fulltrúa kennara, starfsfólks, nemenda, foreldra, skólaráðs og skólanefndar. Úttektarskýrslu skal skilað til MMR fyrir 29. janúar 2011, og í henni skal gerð grein fyrir helstu styrkleikum og veikleikum skólastarfins og setja fram raunhæfar tillögur að aðgerðum til úrbóta. Áður en skýrslu er skilað skal gefa skólastjóra og fulltrúa skólanefndar tækifæri til að gera efnislegar athugasemdir, en úttektaraðilar meta hvort og hvernig tillit er tekið til athugasemda við lokagerð skýrslunnar.

Framkvæmd

Í úttektinni var farið eftir skilgreiningu á umfangi, markmiðum, viðföngum, tímasetningu og skilakröfum eins og sett er fram í erindisbréfi ráðuneytisins og fylgiskjölum. Byggt var á skipulögðum viðtölum og rýni gagna. Allar niðurstöður í úttektinni eru því byggðar á staðfestum og rekjanlegum gögnum og orðrétt skráðum viðtölum við viðmælendur.

Grunnskóli Hornafjarðar var heimsóttur í nóvember og viðtölin fóru þar fram sem einstaklingsviðtöl í einrúmi og þátttakendur gáfu góðfúslega leyfi til upptöku viðtalanna. Viðtölin voru rituð um leið og þau fóru fram en upptökur notaðar við lokafrágang til að tryggja réttmæti. Tveir úttektaraðilar voru í viðtölunum, spyrill og ritari. Sami viðtalsvísir var notaður í öllum viðtölunum til að tryggja samræmi í spurningum sem lagðar voru fyrir viðmælendur, en í þremur útgáfum: Fyrir stjórnendur og kennara, fyrir nemendur og foreldra,

Hitt og Þetta ehf.

og fyrir starfsfólk. Einstaklingar innan sama hóps fengu jafnlangan tíma í viðtali til að tryggja jafnræði.

Eigindleg aðferð (Qualitative research) var notuð til að greina áherslupætti í viðtölunum og dregin var fram orðrétt frásögn í texta innan gæsalappa í skýrslunni til að auka trúverðugleika.

Tekin voru viðtöl við skólastjóra á eldra stigi og skólastjóra á yngra stigi, fulltrúa skólanefndar, deildarstjóra sérkennslu, og fulltrúa starfsmanna, kennara, nemenda, foreldra, og skólaráðs. Alls voru tekin ellefu viðtöl.

Allir þáttakendur tóku úttektaraðilum vel og viljum við koma á framfæri þakklæti okkar fyrir samvinnuna.

Úttektarskýrslunni er skipt í nokkra meginkafla: Skólinn, skólanámskrá, kennsla/námsmat/námsárangur, félagslegt umhverfi, stoðþjónusta og mat á skólastarfi. Í lok hvers undirkafla er mat okkar og í lok hvers meginkafla eru tillögur. Þannig er reynt að lýsa, greina og meta alla þætti skólastarfsins eins og kostur er. Aftast í skýrslunni eru niðurstöður höfunda flokkaðar í styrkleika og veikleika og tillögur að aðgerðum til úrbóta og heimildaskrá. Fremst í skýrslunni er heildarmat úttektaraðila dregið saman.

Skólinn

Stutt lýsing á Grunnskóla Hornafjarðar

Grunnskóli Hornafjarðar var stofnaður 1. ágúst 2007. Kennsla fer fram á tveimur stöðum. Í Hafnarskóla eru nemendur í 1. – 6. bekk og í Heppuskóla eru nemendur 7. – 10. bekkjar. Auk þess sækja nemendur tíma í sundlaug, íþróttahúsi, verkmenntahúsi og Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu. Skólarnir standa nálægt hvor öðrum tengdir, með íþróttasvæði og er íþróttahús og sundlaug við Heppuskóla. Færanlegar kennslustofur eru við Hafnarskóla fyrir heilsdagsvistun, myndmennt og fleira. Nemendur grunnskólans þurfa því nokkuð að fara á milli húsa, t.d. í matartímum. Gagngerar endurbætur voru gerðar á Hafnarskóla og skólalóðum sumarið 2009 þegar Nesjaskóli flutti á Höfn, m.a. var útbúið móttökueldhús og matsalur fyrir alla nemendur skólans. Ný sundlaug var opnuð við íþróttahúsið í apríl 2009. Núna er verið að undirbúa lagfæringar og endurbætur á Heppuskóla (1, 2).

Skólanum stýra tveir skólastjórar, Þórgunnur Torfadóttir og Hulda Laxdal Hauksdóttir. Auk þess að vera deildarstjórar hvor á sínu skólastigi þá skipta þær með sér ákveðnum verkum (9).

Skólann sækja öll börn í Sveitarfélaginu Hornafjörður, utan 12 barna sem sækja Grunnskólann í Hofgarði í Örefum skólaárið 2010 – 2011 í 1. – 7. bekk. Í Hafnarskóla eru í vetur 162 nemendur í 1. – 6. bekk og í Heppuskóla 136 nemendur í 7. – 10. bekk. Samtals 298 börn.

Sameining grunnskóla Hornafjarðar

Eftir sameiningu allra sveitarfélaga í Austur-Skaftafellssýslu í eitt sveitarfélag árið 1998 nær Sveitarfélagið Hornafjörður allt frá Lómagnúpi í vestri til Eystra Horns í austri, og eru um 170 km á milli endamarka. Íbúar eru um 2000, þar af um 1600 á Höfn.

Frá 1996 höfðu þrjú grunnskólar verið starfræktir á Hornafirði, Nesjaskóli fyrir 1.- 3. bekk, Hafnarskóli fyrir 4. – 7. bekk og Heppuskóli fyrir 8. – 10. bekk. Í þessum skólum, sem voru algerlega sjálfstæðar stofnanir, voru sex stjórnendur auk sérkennslufulltrúa á skólaskrifstofunni. Samhliða samþykkt á nýrri skólastefnu árið 2007 samþykktu skólanefnd og bæjarstjórn að sameina yfirstjórn grunnskólans og fækka stjórnendum í fimm, þrjú skólastjóra og tvo deildarstjóra (1). Í raun breyttist ekkert annað en að stjórnun skólanna og fjármál voru formlega sameinuð og farið var að vinna að ýmsum sameiginlegum málum. Haustið 2009 varð meginbreytingin þegar Nesjaskóli var lagður niður, nemendur fluttir í

Hitt og Þetta ehf.

Hafnarskóla og stjórnendum fækkað í þrjá, tvo skólastjóra og deildarstjóra sérkennslu. Þetta kostaði miklar breytingar á öllum rekstri skólans, húsnæði og skólalóðum. Öllu þessu fylgdi umrót á stjórnendum skólans. Sami skólastjóri hafði verið í Heppuskóla frá 1974 til 2009 þegar núverandi skólastjóri tók við um haustið, en hann hafði áður verið við skólastjórnun í Hafnarskóla frá 1998, sem skólastjóri þar frá 2005. Skólastjóri Nesjaskóla frá 1997 fluttist til Hafnarskóla 2009 þegar Nesjaskóli var lagður niður, en varð frá að hverfa vegna veikinda og nýr skólastjóri var ráðinn í maí 2009, sem áður hafði verið aðstoðarskólastjóri í Nesjaskóla. Þriðji stjórnandinn er deildarstjóri sérkennslu, sem hafði að hluta sinnt skólastjórnun í veikindum fyrrum skólastjóra.

Árið 2007 þegar skólarnir þrír höfðu verið sameinaðir voru ekki uppi áætlanir um að leggja Nesjaskóla niður strax. Bæjarstjóri og framkvæmdastjóri fræðslu- og félagssviðs höfðu látið KPMG gera mjög ítarlega úttekt á rekstri og stjórnun grunnskóla í Sveitarfélaginu Hornafirði árið 2000, og „gera tillögur að skipulagi sem leitast við að hámarka skilvirkni og hagkvæmni í rekstri og stjórnun fræðslumála Hornafjarðar“ (6). Niðurstöður sýndu að „almenn sátt virðist ríkja um skipulag skólamála í Sveitarfélaginu Hornafjörður“ (6). Fjallað var um byggðarsjónarmið, fjarlægðina í sveitarfélaginu, kostnaðarliði og lagðar fram nokkrar tillögur að samvinnu eða sameiningu skóla.

Spár sem gerðar voru í október 2006 (43) og ágúst 2008 (2) um fjölda grunnskólabarna á næstu árum sýndu verulega fækkun grunnskólabarna á svæði GH. Í kjölfarið skipar bæjarstjóri í september 2008 starfshóp um „að öll kennsla fari fram í húsnæði skólans á Höfn og bregðast með þeim hætti við fækkun nemenda í skólanum“ (10). Könnun á nemendafjölda í Grunnskóla Hornafjarðar á tímabilinu 1999 til 2013 sýnir, að árið 2004 fer nemendafjöldinn í fyrsta sinn undir 400, en hafði verið 435 árið 1999. Árið 2008 eru 327 nemendur í skólanum, hafði fækkað um 25% frá 1999, og spáð var fækkun í 267 til ársins 2013, eða um 18% til viðbótar (2). Í vetur eru eins og áður sagði 298 nemendur í skólanum. Starfshópurinn skilaði mjög ítarlegri skýrslu í desember 2008, og hafði þá fundað með starfsmönnum og nemendaráði grunnskólans og haldið kynningarfund með foreldrum skólabarna. Lagðar eru fram tillögur að breytingum á húsnæði og skólalóð, verk- og framkvæmdaáætlun, bættri umferð við skólana, og mörgu öðru (2). Áætlanir stóðust og gat kennsla hafist í sameinuðum grunnskóla á Höfn haustið 2009. Skólahúsnæðið í Nesjum hafði þá verið selt. Breytingarnar virðast hafa verið gerðar í almennri sátt við starfsmenn, foreldra skólabarna og börnin sjálf. Engin mótmæli og engar alvarlegar ábendingar komu fram (2).

Hitt og Þetta ehf.

Markmiðið með því að flytja alla kennslu Grunnskóla Hornafjarðar á Höfn var annars vegar að „ná verulegri hagræðingu í rekstri skólans bæði skólahúsnæði og skólaakstri“ og hins vegar „bregðast við kalli skólasamfélagsins sem almennt telur þennan flutning skref í rétta átt fyrir innra starf skólans“ (2).

Sameining grunnskólanna virðist hafa verið nokkuð vel undirbúin á lokastigum, en tekið of langan tíma því 2007 var skrefið ekki stigið til fulls. Síðustu tvö, þrjú árin hafa augljóslega reynt á stjórnendur, starfsfólk og skólasamfélagið. Stefnumótun, námskrárvinna og innra starf skólans hefur því setið nokkuð á hakanum á meðan. Á þessu á nú að taka eins og fram kemur í fundargerð skólaráðs frá 6. desember 2010 og skólanefndar 8. desember 2010 (30, 36).

Í viðtölum í úttekt kemur fram að sameiningin hefur tekið langan tíma og enn er tilfinning fyrir því að skólarnir séu tveir, Hafnarskóli og Heppuskóli.

Um kosti sameiningar grunnskólanna segja stjórnendur, kennarar og starfsmenn: Meiri samfella í starfinu bæði fyrir kennara og nemendur. Aukinn faglegur styrkur kennara, hægt að sækja í reynslubrunn annarra. Minni skil á milli skólastiga með auknum samskiptum kennara. Ákveðin einangrun er rofin. Breytingar eru öllum hollar. Nemendur þurfa bara að skipta um húsnæði einu sinni. Ákveðin gæði í því að skólalóðirnar eru aðskildar, litlir hópar úti í einu. Fleiri tækifæri fyrir alla. Tveir skólastjórar sem vinna vel saman.

Um galla sameiningar grunnskólanna segja stjórnendur, kennarar og starfsmenn: Engir sérstakir. Ekkert hefur tapast. Sameiningarferlið erfitt en því er að ljúka. Tilfinningamat kannski meira en faglegt mat og einstaklingarnir eru missterkir að fást við það. Bara kostir.

Umsagnir nemenda og foreldra um kosti og galla: Kostir eru þeir helstir að breyttar áherslur komu inn t.d. varðandi nýsköpun og listir og breytta kennsluhætti. Ekki mikið ofbeldi. Allir eru miklir vinir og spjalla saman. Gott að allir eru komnir á eitt svæði. Gallar eru fáir og dregið hefur úr þeim. Einu foreldri finnst að 7. bekkur hefði ekki átt að flytja í Heppuskóla heldur vera áfram í Hafnarskóla í meira skjóli. Foreldri á yngra stigi finnst vanta félagsráðgjafa í yngri deildir eins og er á unglingsstigi og eineltisstefnu á yngra stigið sem virkar.

Markmið sameiningar sem getið er hér að ofan hafa náðst að því leyti að ákveðin hagræðing hefur greinilega orðið í rekstri skólans. Færri hús eru í rekstri, fækkað hefur um þrjá stjórnendur og skólaakstur frá Höfn inn í Nes sparast. Þá hefur orðið hagræðing er varðar



Hitt og Þetta ehf.

stuðningsfulltrúa og skólaliða sem nemur u.þ.b. tveimur stöðugildum. Á fundi skólaráðs 1. nóvember 2010 greindi Þórgunnur Torfadóttir skólastjóri frá um 50 milljón króna sparnaði við sameiningu skólanna (20). Ekki var leitað nánari upplýsinga frá framkvæmdastjóra fræðslu- og félagssviðs um þetta atriði, enda fjármál sveitarfélagsins utan sviðs þessarar úttektar.

Mat okkar er að bæjarstjórnin hafi brugðist vel við kalli samfélagsins um flutning Nesjaskóla á Höfn, sem án efa er skref í rétta átt fyrir innra starf skólans. Það starf virðist því miður hafa verið afar ómarkvisst undanfarin ár. Einlægur vilji skólastjórnenda til umbóta er þó augljós og ákveðin hagræðing hefur náðst.

Meiri samfella er í skólastarfinu að mati allra viðmælenda. Þeir telja að ekkert hafi tapast við sameininguna og kostir séu nýjar áherslur í kennsluháttum varðandi nýsköpun og listir.

Skólastefna

Grunnskólinn hefur ekki markað sérstaka skólastefnu út frá skólastefnu sveitarfélagsins en birtir skólastefnu sveitarfélagsins í heild á vefsíðunni (12). Á vef skólans er lýst yfir að „Við leggjum m.a. sérstaka áherslu á:

- rétt einstaklingsins til að fá notið náms við hæfi
- skyldu hvers og eins til að virða rétt annarra
- frumkvæði - að hafa gaman
- að nýta tímann vel.

Starfsfólk skólans hefur sameinast um að leggja hugmyndafræði [Uppeldis til ábyrgðar](#) (14) til grundvallar í uppeldisstefnu skólans“ (13).

Í viðtölum kom fram að verið er að móta skólastefnu Grunnskóla Hornafjarðar. Að mati stjórnenda og kennara leiða stjórnendur vinnuna en allir koma að henni nema foreldrar og nemendur enn sem komið er. Skólastefnu sveitarfélagsins er fylgt þó séráherslur verði mótaðar innan skólans. Þórgunnur skólastjóri taldi mikilvægt að allt starfsfólk kæmi að þeirri vinnu og í hennar huga snérist þetta meira um framtíðarsýn en nokkuð annað. „Vil meira kalla framtíðarsýn en skólastefnu“. Í ljósi undangenginnar sameiningar skólanna á grunnskólastigi þá hefur þurft að vinna mikið verk á ýmsum sviðum og nú er komið að skólastefnunni sem hefur hugmyndafræði að leiðarljósi sem ber heitið „Uppeldi til ábyrgðar“. Starfsmenn hafa



tekið þátt í námskeiðum hvað hana varðar. Einnig er nú lögð áhersla á að vinna að innra mati skólans og mótun skólanámskrár. Fram kom að álag hefur verið nokkuð vegna sameiningarinnar og þess vegna hefur þurft að forgangsraða verkefnum.

„Uppeldi til ábyrgðar“ (restitution) er sá hornsteinn sem lagður var að Grunnskóla Hornafjarðar fyrir þremur árum eða árið 2007 þegar skólinn var stofnaður. „Uppeldi til ábyrgðar“ eins og það er skilgreint á vefsíðu skólans felur í sér fimm grunnpætti: *umhyggju, frelsi, áhrif, ánægju og þörfina fyrir örugga lífsafkomu.*

Að okkar mati hefur skólinn færst of mikið í fang með þessari ákvörðun í upphafi starfsins. Hugtökin sem koma fram í „Uppeldi til ábyrgðar“ eru gildishlaðin og flókin og þess vegna erfið viðfangs og tímafrek. Betra hefði verið að okkar mati að sameinast um stefnu skólans og námsmarkmið og tryggja að allir stefndu í sömu átt með skólastarfinu en geyma „Uppeldi til ábyrgðar“ þar til stefnan og markmiðin væru endanlega skilgreind og hefðu fest sig í sessi.

Foreldrar, nemendur og starfsmenn telja að stjórnendur skólans stýri vinnunni við mótun skólastefnu en kennarar komi allir að henni. Allir þessir aðilar eru sammála um að vilji þeir koma skoðunum sínum á framfæri við stjórnendur þá eigi þeir auðvelt með það og að þeim verði vel tekið þannig að þeir telja að lýðræðisleg vinnubrögð og jafnrétti séu í heiðri höfð af hálfu stjórnenda og kennara bæði hvað varðar kynjajafnrétti og jafnrétti í skólasamfélaginu.

Nemendur áttuðu sig ekki á orðinu skólastefna: „Nei ekki kunnugt um það“.

Mat okkar er að áhersluatriði skólans komi fram á vefsíðunni, en hins vegar þarfnist þau nánari skilgreiningar og umfjöllunar svo allir viti hvað við er átt.

Lýðræðisleg vinnubrögð og jafnrétti skipa háan sess að mati foreldra og nemenda í samskiptum við stjórnendur og kennara.

Rekstur og stjórnun

Ekki verður séð að sparnaðaraðgerða í kjölfar Hrunsins verði vart í áætlunum og rekstri grunnskólans. Verulegar endurbætur voru gerðar á Hafnarskóla á síðasta ári, eins og áður er lýst, ný og glæsileg sundlaug var tekin í notkun og nú á að fara í endurbætur á húsnaði Heppuskóla. Þórgunnur, skólastjóri, minntist á að niðurskurður væri framundan og gæti komið niður á endurmenntu kennara. Framkvæmdastjóri fræðslu- og félagssviðs Hornafjarðar upplýsti í janúar 2011 að enginn niðurskurður sé boðaður í fjárhagsáætlun 2011.

Vaðandi menntun kennarar þá hefur menntunarstigið hækkað mikið á seinni árum og þeir sem kenna bóknamsgreinar eru nú flestir með réttindi og hinir eru í réttindanámi. Verklegar greinar og listgreinar sjá leiðbeinendur um að mestu. Kennurum finnst auðvelt að endurmennta sig og finnst skólinn styðja vel við bakið á þeim. Aðgang að námskeiðum hafa þeir og fá námskeið í heimabyggð. Starfsmaður sækir námskeið á vegum verkalýðsfélags og trúnaðarmannanámskeið sem gefi mikið því þar hittist fólk sem vinnur á sama sviði.

Skipurit skólans er birt í Skólanámskrá á vefsíðu (9, bls. 9), en þarfnast endurskoðunar. Virðist ekki gefa rétta mynd af stjórnkerfinu í dag, enda eru verkefnisstjórar ekki lengur til. Ganglegt væri ef skipuriti fylgdi stutt lýsing á helstu málefnum sem hver stjórnandi og lykilstarfsmenn fara með til glöggvunar fyrir nemendur og foreldra.

Skólastjórar eru tveir og virðast vinna ágætlega saman. Starfslýsingar þeirra eru í Skólanámskrá (9, bls.10), ásamt öðrum helstu starfslýsingum. Skólastjórar deila flestum verkefnum, eins og t.d. sjálfsmati, en skólastjóri eldra stigs hefur meiri faglega forystu og fjármálaábyrgð. Okkur virðist þetta því svipa til starfslýsinga skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Það að hafa tvo skólastjóra á sitt hvoru stigi í sama skóla er þekkt fyrirkomulag. Þessi tilhögun vekur þó spurningar í litlum skóla eins og þessum sem verið er að gera að einum skóla, í tveimur húsum. Í úttektinni komu ekki fram neinar skýrar vísbendingar um að þetta stæði í vegi fyrir því að innan og utan skólans skapaðist tilfinning fyrir því að skólinn væri einn og nemendur og starfslíð einn hópur, „við“. Úttektaraðilum virðist samt ástæða til að fylgjast vel með þróun þessara mála á næstu önnum.

Við skólann starfar deildarstjóri sérkennslu í fullu starfi, sem er menntaður sérkennari og þroskaþjálfari. Hann er þriðji aðilinn í stjórnunarteymi skólans. Fjöldi starfsmanna í ágúst 2010 er 56, 38 kennarar, þrjú stjórnendur og aðrir starfsmenn eru 15. Auk þess starfa við skólann húsvörður og skólahjúkrunarfræðingur.

Í máli Þórgunnar kom fram að aðeins 10% starfsfólks eru karlar og að sú staða hafi sérstaklega verið rædd á kennarafundi.

Auk skólastjóra og deildarstjóra sérkennslu eru skilgreindar stöður umsjónakennara, sérkennara, sérgreinakennara, þroskaþjálfara, stuðningsfulltrúa, fagstjóra, skólasafnvarðar, ritara með húsvörslu og skólaliða (9).

Hitt og Þetta ehf.

Í skólanámskrá Grunnskóla Hornafjarðar (9, bls. 5) er birt „Þróunar og umbótaáætlun fyrir Grunnskóla Hornafjarðar 2007 – 2010“. Þar eru talin upp allt að 20 verkefni fyrir hvert ár. Þórgunnur skólastjóri gaf úttektaraðilum greinargóða úttekt á stöðu mála í nóvember 2010 (15). Þar má sjá að nokkuð hefur miðað áfram með mikilvæg verkefni, eins og t.d. eineltisáætlun sem nú er á vefsíðu, en margt er óunnið eða ólokið. Ekki hefur verið gerð sams konar áætlun fyrir skólaárið 2010 – 2011 „því ákveðið var að koma sjálfsmatsáætlun saman og vinna svo umbóta- og þróunaráætlun eftir niðurstöðum þess“ (15). Þórgunnur nefnir einnig að veturinn í vetur sé „fyrsti veturinn í fjögur ár sem ekki er allt á kafi í breytingarvinnu“ (15).

Áætlanir GH eru einungis minnislistar eða „bullet points“ yfir ýmis verkefni stór og smá sem vinna þarf að. Gagnlegt væri að skilgreina verkefnin betur, tímasetja og áætla aðföng, og forgangsraða, því úttektaraðilum virðist sem ekki sé svigrúm í skólastarfinu til að vinna að svo mörgum og viðamiklum verkefnum í einu. Betra væri að forgangsraða og beina kröftum í þau verkefni sem brýnust teljast og setja skýra árangursmælikvarða til að fylgjast með framgangi og verklokum.

Hér að framan var minnst á úttekt KPMG frá árinu 2000 á rekstri og stjórnun grunnskóla í Sveitarfélaginu Hornafjörður. Gagnlegt væri að gera bráðlega svipaða úttekt á stjórnun og kostnaðarliðum, en ágætis viðmiðun er í þessari skýrslu (6). Fjármál og rekstur sveitarfélagsins eru annars utan sviðs þessarar úttektar.

Mat okkar er að skólastjórnendur séu mjög jákvæðir þegar menntun kennara er annars vegar.

Skipurit skólans þarfnast endurskoðunar. Starfslýsingum skólastjóra svipar til starfslýsinga skólastjóra og aðstoðarskólastjóra þó báðir beri sama starfsheiti. Þetta getur virkað ruglingslegt þegar fjallað er um Grunnskóla Hornafjarðar.

Áætlanir Grunnskóla Hornafjarðar eru fremur minnislistar en áætlanir. Forgangsröðun er nauðsynleg.

Lög og reglugerðir

Ný skólastefna var samþykkt af skólanefnd 29. desember 2006 og af bæjarstjórn 3. janúar 2007. Endurskoðuð skólastefna var samþykkt í október 2009 og staðfest af bæjarstjórn í desember 2009 til að mæta nýjum lögum og reglugerðum um grunnskóla, auk þess sem nokkrar breytingar höfðu orðið á skólamálum í sveitarfélaginu (3).

Hitt og Þetta ehf.

Ekki verður annað séð en að Grunnskóli Hornafjarðar starfi innan gildandi laga og reglugerða og Aðalnámskrá grunnskóla í öllum meginatriðum, þó áhrifa nýju grunnskólalaganna og meðfylgjandi reglugerða sé ekki farið að gæta að neinu marki, enda hefur innra starf skólans liðið vegna „breytingarvinnu“ síðustu þrjú til fjögur ár að sögn Þórgunnar (15). Ný skólastefna GH hefur t.d. enn ekki verið mörkuð. Sjálfsmatið er í raun á byrjunarreit og skólinn þarf að setja sér starfs- og verklagsreglur um nemendaverndarráð og halda fundargerðir, í samræmi við reglugerð nr. 584 frá 25. júní 2010, og samkvæmt sömu reglugerð að skilgreina betur hvernig sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins virkar. Skólinn þarf líka að setja sér móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku, skv. 16. grein grunnskólalaganna

Sveitarfélagið hefur sett fram starfsmannastefnu (16) sem tekur m.a. til vinnuverndar og öryggis á vinnustað, símenntunar og starfsþróunar og jafnréttisáætlunar. Þar er reyndar vísað í eldri lög nr. 96/2000. Stýrihópur vegna mótunar fjölskyldustefnu hefur sett saman gagnlega áætlun fyrir sveitarfélagið sem tekur til ýmissa mála eins og skólamála og sérfræðiþjónustu (17). Þarna eru sett fram ýmis markmið fyrir hvern málaflokk ásamt tillögum um úrbætur og ábyrgðaraðila. Ekki er hægt að sjá hvenær þessi áætlun var gerð né hver framgangur hennar er.

Öryggistrúnaðarmaður er við skólann og tveir öryggisverðir að sögn Þórgunnar skólastjóra. Árið 2006 var gert áhættumat fyrir Hafnarskóla, en enn hefur ekki verið ákveðið hvenær gert verður áhættumat fyrir Grunnskóla Hornafjarðar.

Mat okkar er að gagnlegt væri ef Grunnskóli Hornafjarðar tæki saman lista yfir öll gildandi lög og reglugerðir sem skólinn á að uppfylla og hefði aðgengilegan, t.d. við endurskoðun skólanámskrár. Á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga er listi yfir lög og reglugerðir um skólamál (22). Að kanna til hlítar hvort öll viðeigandi lög og reglugerðir séu uppfylltar hjá GH er utan ramma þessarar úttektar. Hér eru aðeins tekin nokkur dæmi.

Ytri tengsl

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf hefur verið frekar lítið undanfarin ár en nú hefur foreldrafélagið verið vakið upp að frumkvæði skólans og vonir standa til að samstarfið eflist. Þórgunnur segir: „Foreldrafélagið virkara núna. Höfum skólaráð og drögum foreldra inn í þetta. Finnst

Hitt og Þetta ehf.

samstarf við foreldra mikilvægt og samfélagið í kringum okkur“. Hún nefnir vettvangsheimsóknir á yngri stigum og að nú sé verið að koma á starfskynningum fyrir 10. bekk eftir áramót.

Hulda segir: „Foreldrar eru velkomnir hingað...sendum fréttabréf einu sinni í mánuði. Hver árgangur sendir svo tölvupóst til foreldra ..um hvað verið er að gera. Skólasetning okkar er ekki bara hópur á sal og við að segja eitthvað fallett heldur byrjum við á að funda með foreldri og nemanda...maður á mann“. Kennarar nefna gott upplýsingaflæði sem hluta af foreldrasamstarfi og tengsl umsjónarkennarar við foreldra einnig að foreldrar eiga fulltrúa í skólaráði.

Skólaráð hefur haldið þrjá fundi á þessu hausti. Þrír fulltrúar foreldra og grenndarsamfélagsins sitja í ráðinu (20).

Nemendum er ekki kunnugt um foreldrasamstarf nema í gegnum tölvupósta kennarar til foreldra um hegðun og frammistöðu nemenda. Foreldrar minnst á nýstofnað foreldrafélag og foreldratengla: „Rólegt starf, fer ekki mikill tími í það...en er að blása lífi í það. Reyna að fá fyrirlestra og svona“.

Fram kom hjá framkvæmdastjóra Fræðslu- og félagssviðs Hornafjarðar að sveitarfélagið (skólanefnd) styrkir foreldrafélög leik-, grunn- og tónlistarskóla með fjárframlögum ár hvert.

Mat okkar er að mikilvægt sé að efla foreldrafélagið og gott að skólinn hefur haft frumkvæði að því. Hins vegar segja foreldrar að þetta sé rólegt starf sem ekki fari mikill tími í, en nauðsynlegt sé að blása lífi í það.

Tómstundastarf nemenda

Tómstundastarf nemenda fer að mestu leyti fram í Þrykkjunni sem er félagsmiðstöð á vegum sveitarfélagsins sem eldri nemendur sækja. Nemendum finnst þó hafa dregið úr aðsókn elstu nemenda og telja það miður fyrir starfsemina. Nemendaráð fái að ráða þar þó nokkru um dagskrána en undir eftirliti. Foreldrar muna ekki eftir miklu tómstundastarfi á vegum skólans.

Mat okkar er að Grunnskóli Hornafjarðar beiti sér ekki fyrir miklu tómstundastarfi nemenda.



Tengsl við umhverfið

Grunnskóli Hornafjarðar á í samstarfi við nokkra aðila, svo sem Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu, Ungmennafélagið Sindra og Menningarmiðstöð Hornafjarðar (18). Á vegum skólans er farið í vettvangsferðir og skólaferðalög í öllum árgöngum. Þetta eru allt frá nokkurra stunda ferðum upp í nokkurra daga ferðir á misjöfnum tímum ársins. (9). Í handbók skólans er fjallað um ýmis önnur verkefni eins og Lego keppni og nýsköpunarkeppni (19). GH hefur unnið Legókeppnina núna þrjú ár í röð.

Undanfarin ár hafa starfskynningar legið niðri, en Þórgunnur skólastjóri segir að „nú sé verið að koma á starfskynningum fyrir 10. bekk eftir áramót“. Í viðtölum við skólastjórana kom fram að á yngri stigum eru vettvangsheimsóknir, fyrirtæki koma með kynningu og nemendur fara í heimsóknir. Svo er ýmis þemavinna t.d. varðandi sjávarútveg og íslenska þjóðhætti í gangi. Í fyrra og í ár var unnið í tveim nýjum þróunarverkefnum, Need verkefninu sem felst í að tengja heimsóknir í sýsluna við námskrá skólans og Vatnajökulsþjóðgarð og verkefni sem byggist á að efla nýsköpun í skólanum, sérstaklega á unglíngastigi (15).

Mat okkar er að tengsl við umhverfið séu þó nokkur eins og þátttaka í Legó keppni, nýsköpunarkeppni, vettvangsheimsóknir og kynningar fyrirtækja í skólanum.

Tillögur

- Mikilvægast er að „lenda“ sameiningarferlinu sem fyrst svo skilgreina megi stefnu skólans.
- Í þróunar- og umbótaáætlun fyrir Grunnskóla Hornafjarðar 2007 – 2010 (9) á að leggja áherslu á lærdómsmenningu sem stefnu skólans meðal annars. Fram kemur í nóvember 2010 (15) að ekki sé enn búið að móta framtíðarsýn skólans. Meðan svo er þá er lærdómsmenning sem stefna í nokkuð lausu lofti og óskilgreind. Áriðandi er að stefna (framtíðarsýn) skólans og sérstaða sé mörkuð svo hægt sé að skilgreina leiðir að markinu.
- Mikill tími hefur farið í „Uppeldi til ábyrgðar“ og tillaga okkar er sú að hægja á því en nota tímann frekar í að móta stefnuna og klára skólanámskrána. „Uppeldi til ábyrgðar“ getur ekki talist jafngildi skólastefnu að okkar mati, aðeins hluti af stefnunni.
- Meta þarf hvort of mörg verkefni eru í gangi í skólanum samtímis. Ef svo er þarf að fækka þeim og forgangsraða miðað við stefnu skólans og skólanámskrá.

Skólanámskrá

Tengsl við aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélagsins

Tengsl skólanámskrár skólans við aðalnámskrá (markmiðin) eru mjög sterk að mati Þórgunnar, skólastjóra. Einnig eru tengslin sterk við stefnu sveitarfélagsins. Skólanámskráin taki mikið mið af samfélaginu. Vegna sameiningarinnar varð að forgangsraða, sleppa sumu og taka inn annað nýtt til að setta ólík sjónarmið. Dæmi um þetta er að Olweusaráætlun var hafnað en skólinn tók upp „Uppeldi til ábyrgðar“ og einstaklingsmiðað nám: „Má segja að við séum ennþá í þessari lendingu. Endapunkturinn átti að vera þrjú ár eftir sameiningu, en lokafasanum var flýtt í fyrra, að frumkvæði okkar stjórnenda...það var allt í biðstöðu. Í vetur sé ég þó engar stórar breytingar framundan ...í fyrsta skipti í fjögur ár, nema á húsnæði fyrir unglिंगadeildina“. Aðrir kennarar taka undir að tengslin við stefnu sveitarfélagsins séu sterk þegar skólanámskrá sé annars vegar aðrir tala meira um tengslin við aðalnámskrá. Flestir tala um mikilvægi tengslanna við umhverfið og samfélagið. Skólanámskrá er í sífelldri endurskoðun að mati flestra og aðgengileg á vef skólans.

Nemendur nota vefinn mest til að skoða hvað þeir eiga að læra heima (Mentor) en eru ekki eins kunnugir skólanámskránni sem slíkri. Foreldrar telja sig kunnuga skólanámskránni og telja hana aðgengilega á vefnum. Upplýsingaflæði og boðleiðir í skólanum séu auk þess greiðar þannig að ef þá vanti upplýsingar þá snúi þeir sér til starfsfólks skólans.

Gildandi skólastefna Sveitarfélagsins Hornafjörður var samþykkt af bæjarstjórn í desember 2009. Hún nær til leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Þar er sett fram skýr stefna, markmið og hvernig þeim skuli náð (11). Ef stefnan er skoðuð með tilliti til leiðbeininga um skólastefnu sem Samband íslenskra sveitarfélaga gaf út á þessu ári (21) má segja að ágætt samræmi sé þar á milli, nema að ekkert er minnst á áætlanir, árangursmælingar og eftirfylgni. Þessu þyrfti að bæta úr við næstu endurskoðun á stefnunni, væntanlega á næsta ári, 2011.

Eru tengsl skólanámskrár við aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélagsins sterk, eins og haldið er fram? Úttektaraðilar eiga erfitt með að taka undir þessar fullyrðingar. Skólanámskráin er upp á 60 blaðsíður og yfirleitt mjög almennt orðuð, enda „vegna sameiningarinnar varð að forgangsraða, sleppa sumu og taka inn annað nýtt til að setta ólík sjónarmið“, eins og segir hér að ofan. Því skortir skýrari markmiðssetningar í ýmsum veigamiklum málum eins og t.d. einstaklingsmiðuðu námi. Skólanámskránni svipar til stefnu sveitarfélagsins að því leyti að algerlega skortir að draga fram mikilvægi þess að setja skýrar

Hitt og Þetta ehf.

áætlanir, árangursmælingar og eftirfylgni. Því verða bæði þessi skjöl svona „almennt snakk“ og gagnslítill til að draga skólastarfið áfram á markvissan hátt.

Samkvæmt gildandi lögum um grunnskóla frá 2008 á að endurskoða skólanámskrá reglulega (23, 29 gr.). Nú liggja fyrir drög að nýrri aðalnámskrá grunnskóla (24), og GH ætlar að bíða með endurskoðun skólanámskrár þar til ný aðalnámskrá kemur út. Ýmsar nýjungar eru í þessum drögum að aðalnámskra svo þetta verður að teljast skynsamleg ákvörðun.

Mat okkar er að leggja þurfi afdráttarlausar línur varðandi ábyrgð á skólanámskrá og hvernig á að fylgja henni. Tveir skólastjórar virðast bera ábyrgð á henni núna sem er of flókið. Úttektaraðilar leggja til að við næstu útgáfu skólanámskrár verði hún styttr verulega og betur verði fylgt kaflanum um markmið og markmiðssetningu og kaflanum um skólanámskrá eins og þeir eru í aðalnámskrá grunnskóla.

Í vinnu með skólanámskrá þarf að velja áherslur miðað við stefnu skólans og marka sérstöðu hans þannig. Mikilvægt er að þetta sé gert á augljósan hátt með tilliti til þess að hægt sé að meta reglulega hvernig tekist hefur. Með skýrum markmiðum verður sjálfsmatið auðveldara og einnig umbætur á grundvelli þess.

Sérstakar áherslur skólans

Séráherslur skólans eru að mati flestra nýsköpun og skapandi starf. Margir benda á að þrjú ár í röð hafi sjötti bekkur skólans unnið Legó keppnina. Þórgunnur nefnir að tenging við grunnþætti ráðuneytisins (læsi, lýðræði, jafnrétti, sjálfbærni menntunar og skapandi starf) sé fyrir hendi: „Grunntónninn er uppeldi til ábyrgðar og heilsuefling. Við erum þarna inni með geðrækt og jafnrétti og lýðræði...tengja skólann við náttúruna sbr. NEED verkefnið“ (25). Hinn stjórnandinn, Hulda segir: „Grunnstefna er að styrkja einstaklinga til að vera ábyrgir í sínu lífi og samfélagi. Ég sem nýr stjórnandi vil auka lýðræði nemendanna...Legg áherslu á að fá nemendur í sjálfsmatsteymið og skólaráðið...verða virkari þátttakendur“. Kennarar taka undir að vissu leyti hvað varðar grunnþætti ráðuneytisins og einn segir: „Við búum í mjög sérstöku umhverfi...stærsta þjóðgarði í Evrópu“. Öðrum kennara finnst of rík áhersla lögð á verklega þáttinn og segir: „Fá val um textíl á kostnað bóknáms“.

Nemendur og foreldrar líta frekar til námsefnisins eins og það birtist sem vinnustundir í skóla og heima.

Hitt og þetta ehf.

Grunnskóli Hornafjarðar leggur áherslu á heilsueflingu og umhverfismál og vinnur að því að verða „Skóli á grænni grein“, eins og kemur fram á vefsíðu skólans (26).

Mat okkar er að skólinn virðist hafa ákveðið sérstöðu sína upp að vissu marki sem þarf að skila sér í skólanámskrá

Starfsáætlun

Auk **skólastefnu** og **skólanámskrár** eru birtar á vefsíðu skólans undir Skólastarfið **bekkjanámskrár**, **námsáætlanir**, **valbæklingar**, **skóladagatal**, **viðbragðsáætlun** og **handbók skólans**. Bekkjanámskrárnar lýsa námsmarkmiðum, kennsluháttum, námsmati og tillögum að kennsluefni fyrir allar greinar í hverjum árgangi. Þær eru síðast gefnar út fyrir skólaárið 2009 – 2010 og teljast hluti af skólanámskrá.

Handbók skólans var síðast prentuð 2010 og dreift á öll heimili grunnskólabarna, en ekki hefur tekist að setja hana á vefsíðu skólans. Handbókin 2009 er hins vegar á vefsíðu. Í handbókinni eru ýmsar gagnlegar upplýsingar fyrir foreldra og nemendur sem fljótt á litið virðist einnig að finna á vefsíðu og í skólanámskrá skólans. Þó um vissa endurtekningu eða tvíverknað sé að ræða tryggir þetta fyrirkomulag að þessar upplýsingar berist inná heimili allra skólabarna og séu tiltækar þar.

Í handbókinni 2009 er tekið fram að hún ásamt námsáætlunum skólaársins jafngildi starfsáætlun skólans það skólaárið (19, bls. 14), en í handbókinni 2010 að hún sé „hluti af starfsáætlun en kennarar munu koma námsáætlunnum til forráðamanna í upphafi skólaárs“ (44).

Námsáætlanir fyrir veturinn í vetur eru ekki allar aðgengilegar á vef skólans, aðeins fyrir 1. – 6. bekk. Samkvæmt upplýsingum frá Þórgunni skólastjóra í desember 2010 eru allar námsáætlanir í Mentor, en þar sem kennarar í 7. – 10. bekk þurfa að gera a.m.k. þrjár námsáætlanir í hverri grein yfir veturinn gekk illa að sameina þær allar í einu á vefsíðunni. Því var ákveðið að kennarar sæju sjálfir um það hver fyrir sig að koma þeim í Mentor (28). Þetta getur vart talist ásættanlegt fyrirkomulag þar sem námsáætlanir eru hluti af starfsáætlun skólans (sjá ofan) og eiga því að vera samþykktar af skólanefnd, og öllum aðilum skólasamfélagsins aðgengilegar eins og kemur fram hér að ofan.

Skóladagatal GH 2010 - 2011 var samþykkt 7. apríl 2010 á fundi skólanefndar (25) en ekki fannst neitt í fundargerðum skólanefndar árið 2010 um samþykkt á skólanámskrá eða

Hitt og Þetta ehf.

starfsáætlun Grunnskóla Hornafjarðar. Þetta var staðfest af formanni skólanefndar (31) og framkvæmdastjóra fræðslu- og félagssviðs (32).

Skólanámskrár eru yfirleitt ekki prentaðar lengur heldur birtar á vefsíðum skóla. Eftir sem áður eru skólanámskrár gögn sem lúta opinberum reglum og eftirliti og ætti því að gæta þess vel að útgáfustjórna vefsíðum svo hægt sé að fylgjast með aldri þeirra og uppfærslu, og tryggja að alltaf séu fyllilegar og réttar upplýsingar um skólanámskrá á vefsíðum skóla. Samkvæmt grunnskólalögum eiga allir grunnskólar að gefa út skólanámskrá, og starfsáætlun fyrir hvert skólaár sem er samþykkt af skólanefnd og aðgengileg öllum aðilum skólasamfélagsins. Skólastjóri er ábyrgur fyrir útfærslu þessara ákvæða og einnig fyrir umfjöllun í skólanum og skólaráði (24, 29. gr.).

Mat okkar er að augljóst sé að gerð og útgáfa skólanámskrár og starfsáætlunar skólans, kvaðir um umfjöllun í skólaráði, samþykkt skólanefndar og birtingu standast ekki 29. gr. grunnskólalaga frá 2008. Mikilvægt er að skólanefnd og skólastjórar ráði bót á þessu.

Vandlega verði skoðað hvort fullt samræmi sé milli námsmarkmiða (í námsáætlun), kennsluáðferða og námsmats með tilliti til einstaklingsmiðaðs náms svo dæmi sé tekið.

Viðmiðunarstundaskrá

Í aðalnámskrá grunnskóla 2006 (29, bls. 13) er birt viðmiðunarstundaskrá sem hver skóli skal útfæra og birta í skólanámskrá. Þar sem skólanámskrá var ekki uppfærð í haust var viðmiðunarstundaskrá GH 2010 – 2011 lögð fram á fundi í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 1. nóvember 2010. Þórgunnur útskýrði að tímafjöldi væri svipaður og áður var svo skólinn væri ekki að lenda í miklum niðurskurði núna (30).

Ef kennslustundafjöldi skólans í einstökum greinum og árgöngum 2009 – 2010 (9, bls. 25) og 2010 – 2011 er skoðaður má staðfesta að Grunnskóli Hornafjarðar uppfyllir lágmarks vikustundir fyrir hverja grein, hvert tímabil og í heild (kennslustund = 40 mín.) samkvæmt viðmiðunarstundaskrá í aðalnámskrá grunnskóla. Smávegis tilfærslur hafa þó orðið í greinum milli ára.

Mat okkar er að Grunnskóli Hornafjarðar uppfylli viðmiðunarstundarskrá aðalnámskrár grunnskóla.



Val í námi

Í 26. Grein grunnskólalaga (23) segir: „í 8., 9. og 10. bekk skuli nemendur eiga kost á vali um námsgreinar og námssvið í um þriðjungi námstímans“. Eins og kom fram hér að ofan eru í vetur 18 vikustundir í vali, þar af 15 í 9. og 10. bekk. Þetta svarar til um 20% vals í 9. og 10. bekk en 4% í 8. bekk. Er þetta nokkuð undir viðmiðum grunnskólalaga.

Á vefsíðu GH má finna valbæklinga skólans fyrir veturinn í vetur (33). Valið virðist mjög fjölbreytt, t.d. er um 16 mismunandi viðfangsefni að velja fyrir 7. – 10. bekk á vorönn 2011 allt frá heimavinnu til knattspyrnu.

Í viðtölum kom fram að nemendur byrja að velja í 7. og 8. bekk en í 9. og 10. bekk geta nemendur verið í sömu smiðjunni allan veturinn. Margt sé í vali og leitað sé eftir hugmyndum á markvissan hátt frá nemendum. Einn nemandi sagðist hafa stungið uppá fluguhnýtingum og það hefði verið tekið inn í valið. Stjórnendur og kennarar telja að jafningjaprýsingur sé verulegur í valinu en enginn viðmælenda taldi að um kynbundið val væri að ræða. Um 11 valáfangar eru í boði fyrir 9.-10. bekk. Foreldrar hafa sett fram valhugmyndir. Ákveðin tengsl séu fyrir hendi varðandi val á áföngum sem kenndir eru við FAS (Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu) þannig að nemendum gefst kostur á að flýta fyrir sér með því að taka þá. Fáir nemendur fari þessa leið.

Valið í 9. bekk er fyrst og fremst í list- og verkgreinum (smiðjum) en í 10. bekk geta nemendur einnig valið um að stunda bóklegt nám í FAS hafi þeir náð tilskildum árangri í ákveðnum bóklegum greinum. Í kjölfar hagræðingar í framhaldsskólanum og þess að grunnskólinn hefur boðið upp á meira val og fjölbreyttari list- og verkgreinakennslu þá hefur fækkað mjög í þeim hópi sem flýta námi sínu með því að taka framhaldsskólaáfanga. Þá eru nú auknar kröfur gerðar til þeirra sem velja bóklegt val í FAS. Í vetur eru 7 nemendur sem stunda framhaldsskólaáfanga og munu þeir ljúka frá 6 upp í 18 framhaldsskólaeiningum í vetur (34).

Mat okkar er að val í námi er undir viðmiðum laganna, en virðist fjölbreytt og nemendur hafa áhrif á það.

Tengsl skólastiga

Töluverð samvinna er við FAS eins og kemur fram hér að ofan, og hafa grunnskólanemar möguleika á að flýta námi sínu að uppfylltum vissum skilyrðum. Þegar vissir áfangar sem

Hitt og Þetta ehf.

ekki krefjast ákveðinnar forþekkingar eða færni eins og t.d. logsuða – rafsuða, grunnteikningar, o.fl., eru kenndir í FAS hafa grunnskólanemar einnig aðgang að þeim (34).

Í viðtölum er samdóma mat allra að flestir nemendur fari í FAS að loknu grunnskólaprófi. Undantekningar séu fáar á þessu. FAS hafi vaxið að virðingu með árunum.

Starfsmenn leik- og grunnskóla vinna náið saman að því að gera skólaskiptin milli leik- og grunnskóla sem auðveldust og lærdómsríkust. Gagnkvæmar heimsóknir eru milli skólastiganna og vorskóli er fyrir elstu leikskólabörnin í grunnskólanum (19).

Mat okkar er að tengsl skólastiga séu góð.

Skólapróun

Á vefsíðu skólans um þróunarstarf eru talin upp fjögur verkefni: *Uppeldi til ábyrgðar, fjölbreytt námsmat, skóli á grænni grein og heilsuefling* (26).

Um verkefnið Fjölbreytt námsmat segir á vefsíðu: „Haustið 2008 var ráðist í þróunarverkefni við Grunnskóla Hornafjarðar sem snýst um að efla námsmat við skólann. Meginviðfangsefnið er að innleiða fjölbreyttari námsmatsaðferðir með áherslu á einstaklingsmiðað nám. Stýrihópur var skipaður til að halda utan um vinnuna en ráðgjafi skólans er [Ingvar Sigurgeirsson](#) prófessor við menntasvið Háskóla Íslands.“

Hópurinn skilgreindi átta verkefni: Afþreying, Áætlun í list- og verkgreinum, Ferlimöppur á flugi, Fjölbreytt námsmat með áherslu á fjölbreytileika í prófum og verkefnum, Hamingjukönnun, Leiðarljós, Leiðsagnarmat og Markbundið mat.

Þórgunnur skólastjóri upplýsti að verkefninu hefði lokið vorið 2009 en „þetta verkefni varð hvorki fugl né fiskur hjá því sem við höfðum vonast til“. Engin lokaskýrsla kom frá teyminu (35).

Mat okkar er að verkefnið Fjölbreytt námsmat virðist hafa runnið út í sandinn þar sem faglegar forsendur og samræður skorti til þess að fylgja slíku verkefni eftir. Skortur á skýrum námsmarkmiðum og samræðum um þau eru forsendur fyrir breyttu námsmati. Ákveðin fagleg einangrun kennara er hindrun og hana þarf að rjúfa.

Tillögur

- Skýra þarf línurnar varðandi ábyrgð á skólanámskrá
- Næsta útgáfa af skólanámskrá verði styttn verulega miðað við það sem nú er og betur verði fylgt kaflanum um markmið og markmiðssetningu og kaflanum um skólanámskrá eins og þeim er lýst í aðalnámskrá grunnskóla.
- Sérstaða skólans sé mörkuð í skólanámskrá
- Að skólanefnd og skólastjórar sjái til þess að gerð og útgáfa skólanámskrár og starfsáætlunar skólans og kvaðir um umfjöllun skólaráðs og samþykkt skólanefndar og birtingu standist 29. grein grunnskólalaga frá 2008.
- Að skoðað verði hvort fullt samræmi sé á milli námsmarkmiða, kennsluáðferða og námsmats með tilliti til einstaklingsmiðaðs náms.
- Fagleg einangrun kennara verði rofin með vináttusambandi við annan og stærri skóla.



Kennsla, námsmat og námsárangur

Kennsla

Spurð út í kennslu og kennsluhætti þá kemur fram mikil ánægja með báða þætti og sérstaklega tala foreldrar um einstaklingsmiðað nám sem góðan kost. Varðandi stærðfræðikennslu kom þó fram hjá foreldri: „Mætti breyta stærðfræðikennslunni aðeins...Þau eiga svolítið að finna þetta sjálf....maður þarf svolítið að kenna þeim sínar gömlu góðu aðferðir sem maður lærði sjálfur“.

Spurning er hvort foreldrar séu að tala um stuðning við nemendur með sérþarfir þegar einstaklingsmiðað nám ber á góma en átti sig ekki á opinberu skilgreiningunni. Samkvæmt því sem Þórgunnur skólastjóri segir (15) þá eru ekki allir kennarar skólans sammála um einstaklingsmiðaðar áherslur í námi nemenda. Ekki er hægt að sjá merki um skilgreiningu á hvað einstaklingsmiðað nám merkir á vefsíðum skólans og í þeim gögnum sem þar eru nema í Próunaráætlun 2009-2010 (15) er á einum stað minnst á einstaklingsmiðun sem verkefni sem þurfi að gefa sér tíma í. Engin frekari útfærsla er á hugtakinu né er það fellt inn í bekkjanámskrár né námsáætlanir skólans.

Kennsluhættir eru skilgreindir í námsáætlunum fyrir heildina en ekki með einstaklingsáherslum. Nokkurrar fjölbreytni gætir í þeim í mörgum námsgreinum. Námsmarkmið eru fyrir heila árganga en ekki minnst á sérstöðu hvers nemanda né að áhersla verði lögð á að hver og einn nái sínum námsmarkmiðum og verði metinn samkvæmt því.

Mat okkar er að hér skorti skilgreingar á námsmarkmiðum og hvað þau þýða fyrir einstaka nemendur.

Námsmat

Námsmatið byggist á fjölbreytileika að mati Þórgunnar, er ekki bara prófamiðað. Ferlimappa var tekin upp við sameininguna: „En hún er ekkert notuð...þarf að virkja hana betur...svo margt annað í lendingu í sameiningunni að þetta lenti aftaná“. Svo virðist sem ferlimappan sé afhent nemendum yngra stigs þrisvar á ári og þeir fari með hana heim: „Erum að efla námsmatið í formi ferlimöppu og símats...ferlimappan er safnmappa nemenda“. Aðrir segja hópastarf ekki hafa verið mikið en nú sé verið að íhuga breytt námsmat með því að taka annað inn í matið en prófseinkunnir einvörðungu eins og t.d. sjálfsmat nemenda, verkefnavinnu og símat.



Hitt og Þetta ehf.

Ekki er hægt að finna skilgreiningu og útfærslu á meginmarkmiðum með námsmati í gögnum skólans, né að sérhver nemandi verði metinn miðað við þau markmið sem honum voru sett í náminu svo dæmi sé tekið.

Mat okkar er að tenging kennsluáðferða, námsefnis og námsumhverfis sé ekki augljós þannig að erfitt sé að sjá hvernig framkvæma eigi einstaklingsmiðun í námsmati.

Námsárangur

Námsárangur telja flestir að byggji á viðhorfum nemenda og foreldra. Bent er á að menntunarstig fjöldans í byggðarlaginu sé ekki mjög hátt: „Þeir sem fara í háskóla koma ekki aftur. Ólíklegt. Foreldrar hvetja kannski til að vera bara heima...saman“. „Þetta samfélag er ekkert sérstaklega menntunarmiðað. Skólinn hefur miklu hlutverki að gegna í þessu sambandi“. Einnig er bent á að með hækkandi menntunarstigi kennara verði hugsanlega viðhorfsbreytingar.

Nemendur og foreldrar telja að áhugi, ástundun og stuðningur foreldra skipti miklu máli varðandi námsárangur. Foreldrar telja mikilvægt að þeir fylgist með námsárangri barna sinna. Góður kennari er duglegur að miðla upplýsingum og þekkingu til nemenda að mati nemenda og góður nemandi á að taka við og vinna heimavinnuna sína auk þess að stuðla að góðum bekkjaranda segja nemendur. Foreldrum og nemendum finnst einnig mikilvægt að nemendur sýni öllum virðingu og virði skólareglur.

Hlutverk skólans er mikið þegar kemur að því að hvetja nemendur til náms og bent er á að menntunarstig foreldra sé ekki hátt né skili háskólamenntaðir einstaklingar sér aftur heim í byggðarlagið. Ábyrgð skólans er því mikil. Hins vegar hefur útkoma úr samræmdum prófum undanfarinna ára og nú síðast 2010 sýnt að nemendur í Sveitarfélaginu Hornafirði eru undir landsmeðaltali í samræmdum könnunarprófum. Þetta er að vonum áhyggjuefni og skýringar sennilega fjölmargar og samþættar.

Mat okkar og tillaga er sú að skólinn endurskoði, afmarki og skilgreini einstök hugtök ásamt því að nýta sér hefðbundið form varðandi framsetningu á stefnu skólans, skólanámskrá, starfsáætlun, einstaklingsmiðun og tengsl alls þessa innbyrðis. Innra mat verður þá auðveldara og markvissara til umbóta. Nauðsynlegt er að skólastjórnendur taki ábyrgð á að **allir** kennarar stefni í eina átt varðandi stefnu og markmið skólans.

Tillögur

- Nákvæmar skilgreiningar á námsmarkmiðum og hvað þau þýða fyrir einstaka nemendur séu unnar.
- Að tenging kennsluaðferða, námsefnis og námsumhverfis sé augljós í skólanámskrá skólans.
- Að skólinn endurskoði, afmarki og skilgreini einstök hugtök og nýti sér hefðbundið form varðandi framsetningu á stefnu skólans, skólanámskrá, starfsáætlun, einstaklingsmiðun og tengsl alls þessa innbyrðis.
- Að skólastjórnendur taki ábyrgð á að **allir** kennarar stefni í eina átt varðandi stefnu og markmið skólans.

Félagslegt umhverfi

Einelti í skólanum

Varðandi stefnu í eineltismálum starfsmanna annars vegar og nemenda hins vegar þá kom fram hjá Þórgunni að stefna sveitarfélagsins í eineltismálum hefði verið kynnt í fyrra. Nemendum ætti að vera kunnugt um stefnu skólans í eineltismálum. Unnið væri eftir „Uppeldi til ábyrgðar“ og Olweusaráætlun þar á undan svo nemendum ætti að vera þetta ljóst. Flestir aðrir stjórnendur og kennarar töldu að nemendum væri ljós stefnan í eineltismálum nemenda en að vinna stæði yfir varðandi eineltisáætlun fyrir starfsfólk þó væri stefna sveitarfélagsins grunnviðmiðið. Einn tók fram að sér væri ekki kunnugt um eineltisáætlun fyrir starfsfólk: „Mér er ekki kunnugt um það“. Einn úr hópnum saknaði Olweusaráætlunarinnar og taldi að halda hefði átt áfram með hana: „Tókum upp Uppeldi til ábyrgðar...hentum Olweusi og ég sé eftir því...lögðum mikla vinnu í þetta...er synd. Veit ekki hver tók ávörðun“. Starfsmaður sagði: „Ef það er einelti meðal starfsmanna þá er það bara öryggistrúnaðarmaður og ferli. Þetta veit fólk“.

Mat okkar er að kynna þurfi eineltisáætlun skólans reglulega og betur fyrir starfsólki, nemendum og foreldrum svo ekki fari neitt á milli mála.

Nemendaverndarráð

Varðandi nemendaverndarráð þá eru svörin óljós. Þórgunnur skólastjóri segir að ekki hafi verið fundað í því í vetur. En ef upp komi mál þá sé fundað en vill kalla það annað. Tilkynningarskylda til foreldra barna yngri en 18 ára virðist vefjast fyrir: „Kannski stafar þetta af því að í reglum um nemendaverndarráð segir að alltaf eigi að láta foreldra barnsins vita...Höfum í raun voðalega lítið notað þetta nafn. Köllum þetta frekar teymisfund fremur en nemendaverndarráðsfund. Kannski hræðsla við þetta orð“. Hulda skólastjóri segir: „Við erum ekki alveg búin að lenda heitinu á þessu. Notum stuðningsþjónustu meira“. Hún tekur undir að ekki sé fundað reglulega, aðeins ef mál koma upp. Varðandi hverjir sitji í ráðinu þá fari það eftir efni málsins hverju sinni. Mörgum kennurum er ekki ljós starfsemi nemendaverndarráðs né skólanefndarformanni. Foreldrar segjast ekkert vita um nemendaverndarráð og nemendur kannast ekki við það: „Nei...veit ekki. Er það skóli á grænni grein?“.

Varðandi nemendaverndarráð þá gera Lög um grunnskóla (23) ráð fyrir að við hvern grunnskóla starfi nemendaverndarráð. Mat okkar er að verulegur vandræðagangur sé í GH þegar nemendaverndarráð er annars vegar. Ekkert hefur verið fundað í því haustið 2010.



Hitt og þetta ehf.

Foreldrum og nemendum er ekki kunnugt um það. Hlutverk þess virðist óskýrt í hugum stjórnenda sem hvorugur vill nota nafnið nemendaverndarráð en vilja kalla það eitthvað annað. Hugsanlega er þarna verið að reyna sneiða hjá tilkynningarskyldu við foreldra eins og lögin mæla fyrir um að hún sé framkvæmd. Mikilvægt er að gangsetja nemendaverndarráð samkvæmt lögum hið fyrsta. Fundartímar þurfa að vera reglulegir svo tryggt verði að öllum sé kunnugt um starfsemi þess og tilgang.

Mat okkar er að verulegur vandræðagangur sé í GH þegar nemendaverndarráð er annars vegar.

Skólabragur

Í skólanum eru tveir skólastjórar sem skipta með sér verkum (9, bls. 10). Sá sem fer fyrir yngri nemendum er nýr og telur sig finna fyrir því meðal kennara: „Það er nýr stjórnandi í þessu húsi...ég. Fólk ekki búið að venjast því, svoldið á varðbergi...er ragt við að koma með vandamál til mín...Finn fyrir ákveðnu óöryggi hjá fólki“. Varðandi andrúmsloftið á kennarastofunni: „Finnst við vera svolítið tveir skólar enn“. Henni finnst þetta hafa verið meira áberandi í fyrra. Undir þetta taka nokkrir kennarar: „Erum ennþá svolítið í tveimur fylkingum...sem hefur ekki alveg tekist að eyða“. „Minna en þriðjungur sem er óánægður...stendur þétt saman. Erfitt fyrir stjórnandann“.

Nemendur og foreldrar telja að andrúmsloftið í skólanum sé gott, yfirleitt, en eitt foreldri telur að of mikið sé um einelti í skólanum: „Þarf reyndar að taka meira á einelti í skólanum...Þarf meiri umræðu...og fá bekkinn til að vera með...Það er mikið einelti hérna...það er bara svoleiðis“.

Varðandi könnun á líðan nemenda þá tala stjórnendur og kennarar um líðankönnun og Skólapúlsinn, leiðsagnarmat í Mentor og reglulegar umræður um líðan nemenda á fundum auk foreldrafunda.

Þegar nemendur og foreldrar eru spurðir hvort þeir viti hvert nemendur geti snúið sér þegar þeim líður illa þá nefna margir umsjónarkennara en eldri nemendum er ljóst að Eyrún skólafélagsráðgjafi er til staðar fyrir þau. Hún virðist starfa fyrst og fremst á unglingastigi og foreldri segir um yngri deildina: „ Krakkarnir hér þekkja ekki Eyrúnu félagsráðgjafa...það vantar hér“. Í hugum stjórnenda og kennara virðist gengið út frá formlegum könnunum meira og að úrvinnsla á niðurstöðum úr þeim séu í höndum umsjónarkennara fyrst og fremst.

Hitt og Þetta ehf.

Varðandi samskipti innan skólans milli þeirra sem þar ferðast þá eru flestir mjög ánægðir með þau, jafnt kennarar sem nemendur og foreldrar.

Mat okkar er að enn séu tveir skólar í hugum sumra kennara og meðan svo er verði erfitt að fá þá til að stefna í eina átt. Lenda þarf sameiningunni sem allra fyrst. Skólastjórnir bera ábyrgð á starfinu og verða að setja punktinn fyrir aftan sameininguna. Þjónustu skólafélagsráðgjafa vantar á yngra stigið. Kynna þarf eineltisáætlun fyrir öllum reglulega. Kennarar, nemendur, starfsmenn og foreldrar eru ánægðir með samskiptin í og við skólann og telja andrúmsloft í skólanum jákvætt og gott.

Forvarnarstarf

Forvarnarstarf er unnið við skólann að mati stjórnenda út frá „Uppeldi til ábyrgðar“ og einnig er skólinn heilsueflandi skóli: „Það er regnhlífarhugtak yfir ýmislegt m.a. forvarnir. Allur 7. bekkur er alltaf þátttakandi í reyklausa verkefnum. Horfið var frá Marita fræðslunni (42): „Við ákváðum að hætta með hana, því rannsóknir sýna að þessi fræðsla hefur lítil sem engin áhrif“. „Viljum heldur benda á það sem rétt er en það sem rangt er“. Kennari benti á að á fundi með foreldrum, í fyrria, hefðu umferðarmál, skaðsemi áfengis og tóbaks verið rædd.

Nemendur og foreldrar voru óljósari varðandi forvarnarstarfið og einn nemandi sagði: „Er það fyrir reykingar og svona. Ég veit ekki...aldrei tekið þátt í reyklus bekkur“. Foreldrar kalla eftir meira forvarnarstarfi sérstaklega á unglingastigi.

Mat okkar er að skilgreina þurfi forvarnarstarfið betur svo allir átti sig á hvað felst í því.

Tillögur

- Gangsetja þarf nemendaverndarráð samkvæmt lögum.
- Tryggja þarf nemendum á yngra stigi þjónustu skólafélagsráðgjafa.
- Kynna þarf eineltisáætlun fyrir öllum reglulega.
- Skilgreina þarf forvarnarstarfið betur.

Stoðþjónusta

Á vefsíðu skólans er fjallað um stoðkerfi og Þórhildur Kristjánsdóttir er deildarstjóri sérkennslu og umsjónarmaður stoðþjónustu skólans. Samstarf við sérfræðinga innan og utan skóla er tilgreint. Markmið þjónustunnar er að þjónusta börn með sérþarfir á heildstæðan hátt. Sérfræðingar sem nefndir eru sem samstafsaðilar eru sálfræðingur, talmeinafræðingur og samstarf er nefnt við ýmsa greiningar-og meðferðaraðila. Skólahjúkrunarfræðingur starfar við skólann, Jóna Bára Jónsdóttir.

Þórgunnur skólastjóri segir: „Nemendur fá þá þjónustu inni í bekk sem hægt er að veita. Þau eldri sækja meira í þetta sjálf...í námsverið. Stærsti hluti þeirra barna á unglingsstigi sem eru í námsveri núna eru börn með ADHD og eiga erfitt með að einbeita sér í bekk...en geta verið í sama námsefni ef þau fá friðinn...Þau með lesblindu er mjög mikið inni í bekk með hinum“. Hulda skólastjóri segir: „Erum með deildarstjóra sérkennslu sem er menntaður sérkennari og hefur yfirumsjón með sérkennslunni en erum að sækja um annan til að vera í hinu húsinu. Erum með tvo þroskaþjálfara...án kennsluréttinda“.

Deildarstjóri sérkennslu, Þórhildur segir: „Þjónustum þá nemendur sem víkja frá í námi og hegðun. Getur komið frá foreldrum eða öðrum. Ég er sérkennari og þroskaþjálfari og sé um greiningar á lesblindu. Sálfræðingur frá Akranesi kemur einu sinni í mánuði þrjá daga í senn. Svo talmeinafræðingur líka. Frumgreiningin er hjá mér. Oftast einstök mál í svona litlum skóla. Ef nemandi kemur með greiningu frá Greiningarstöð þá er myndað teymi. Ef geðræn vandamál þá aðstoð frá sálfræðingi. Annars mikið ein í þessum málum. Er að undirbúa að setja kafla á heimasíðu um ferli í þessum málum“.

Kennarar eru ánægðir með sérkennsluna og telja hana í mjög góðum höndum.

Nemendur og foreldrar telja henni vel sinnt og sumir nemendur hafa reynslu af því og telja að flestum sé kunnugt um úrræði s.s. lengri tíma í prófum, aðstoð í prófum og aðgang að Blindrabókasafni.

Afstaða skólans til foreldra barna með sérþarfir er að mati stjórnenda og kennara góð og ráðgjöf auðsótt en bent á að ekkert skriflegt sé til um þetta né sé það á vef skólans. Bent er á að sveitarfélagið hefur ekki sett fram stefnu í málaflokknum. Þórgunnur skólastjóri segir: „Þeir sem eru foreldrar fatlaðra barna fá aðstoð...en erfiðara er fyrir foreldra barna með



Hitt og Þetta ehf.

ADHD og þau börn eru okkur erfiðust“. Fræðslu um ADHD til foreldra veitir deildarstjóri sérkennslu, Þórhildur.

Að mati allra viðmælenda er vel tekið á mótum nemendum með annað móðurmál en íslensku en Þórhildur deildarstjóri segir: „Ekki nógu skýr farvegur. Erum að vinna í því. Núna teknir beint inn í bekkinn. Einn kennari sinnir nýbúafræðslu“. Sérkennsla í íslensku er það sem flestir telja sig vita um nýbúafræðslu.

Mat okkar er að sveitarstjórnin þurfi að móta stefnu í málum nemenda með sérþáttum, sem fyrst. Vinnuálag á deildarstjóra sérkennslu er of mikið enda starfar hann að greiningum, mótun úrræða og ráðgjöf auk þess að vera í forsvari fyrir nemendaverndaráði skólans. Þórhildur deildarstjóri segist vera mikið ein í sínu starfi og saknar samstarfs við aðra sérkennara. Mikilvægt er að ráða annan sérkennara að skólanum til þess að þjónustan við nemendur verði heildstæð.

Einnig er mat okkar að útfæra þurfi áætlanir um þjónustu við nemendur með sérþáttum og nemendur með annað móðurmál en íslensku og birta á vefsíðu skólans.

Tillögur

- Sveitastjórnin móti stefnu í málefnum nemenda með sérþáttum.
- Ráðinn verði annar sérkennari að skólanum.
- Áætlanir um þjónustu við nemendur með sérþáttum og nemendur með annað móðurmál en íslensku verði unnar.

Mat á skólastarfi

Innra mat

Í skólanámskrá Grunnskóla Hornafjarðar er sjálfsmatsáætlun fyrir tímabilið 2007 – 2010. Þar er nokkuð ítarlega lýst áformum skólans um sjálfsmat og vísað til grunnskólalaga frá 2008 og „Bláa bæklingisins“ sem menntamálaráðuneytið gaf út 1997 (9, bls. 4).

Þessi áætlun virðist ekki hafa gengið eftir, allavega er ekki að finna neinar skýrslur um sjálfsmat eða tilvísanir í innra eftirlit á vef skólans eða sveitarfélagsins. Þórgunnur skólastjóri staðfesti að engar formlegar sjálfsmatsskýrslur hafi verið gerðar til þessa né umbótaáætlanir (37).

Vorið 2009 var gerð á vegum ráðuneytisins úttekt á sjálfsmatsaðferðum nokkurra grunnskóla, þar á meðal Grunnskóla Hornafjarðar. Í apríl 2010 birti mennta- og menningarmálaráðuneytið „Heildarniðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla 2007–2009“ (38). Þar kemur fram að Grunnskóli Hornafjarðar er í hópi þeirra skóla sem uppfylltu hvorki viðmið um sjálfsmatsaðferðir né framkvæmd sjálfsmats. Þórgunnur skólastjóri staðfesti að þau hefðu fengið „falleinkunn“ því sjálfsmatsáætlunin var ekki nógu altæk né skýr og náði ekki til nægjanlega margra þátta í skólastarfinu. Þar að auki vantaði heildarsjálfsmatsskýrslur eftir hvern vetur (37).

Nú er með aðstoð utanaðkomandi aðila búið að setja upp drög að sjálfsmatsáætlun Grunnskóla Hornafjarðar fyrir 2010 – 2013 og framkvæmdaáætlun fyrir október 2010 til júní 2011. Gerðar verða viðhorfskannanir með matstækinu Skólamat gegnum veftólið Outcome (37). Þetta eru því einungis viðhorfskannanir og því getur sjálfsmatsáætlunin varla ennþá talist altæk né árangursmiðuð, enda ekki búið að skilgreina viðmið eða árangurskvarða. Markmið aðalnámskrár um sjálfsmat virðast því enn engan veginn uppfyllt (29, bls. 18).

Vert væri að athuga hvort ekki mætti virkja nemendur við sjálfsmatið t.d. við ýmiss konar gagnaöflun, mat og úrvinnslu. Þetta gæti fallið ágætlega að þemaverkefnum skólans eða smiðjum og mundi hjálpa til við að festa sjálfsmatið í sessi sem sjálfsagðan þátt í skólastarfinu.

Í viðtölum kemur fram að skólastjórnarnir eru ekki alveg sammála hver beri ábyrgð á innra mati. Þórgunnur segir: „Skólastjóri...en það er teymi. Stjórnandi teymis er ekki skólastjóri. Foreldri líka...og svo nemendur þegar verið er að ræða nemendakannanir. Svo starfsmenn“.



Hitt og Þetta ehf.

Hulda segir: „Ég ber ábyrgð á innra mati...við báðar, en ég með heild. Erum með sjálfsmatsteymi. Nemendur og starfsmenn með en ekki foreldrar. Erum að byrja með nýtt sjálfsmat“.

Í starfslýsingum í skólanámskrá kemur ekki fram hver ber ábyrgð á sjálfsmatinu. Þar segir um skólastjórnendur að þeir „sitji í sjálfsmatsteymi skólastjórnenda“ (9, bls. 10).

Ekki er komið að því að meta frammistöðu kennara né námsmat. Vinnan sé ekki komin svo langt. Matið er kerfisbundið og unnið er samkvæmt tímaáætlun til þriggja ára og fyrsta árið er planað kemur fram hjá Huldu sem segist stýra heildarmatinu. Þórgunnur segir að tekið verði á því: „Við tókum á því núna í fyrsta áfanga sjálfsmats...nám og kennsla“. Þetta er nokkuð óljóst hjá stjórnendum. Kennarar telja að skólastjórnendur beri ábyrgð á innra mati en hafa ekki vitneskju um einstaka þætti þess né hve langt það er komið.

Stjórnendur og kennarar telja að umbætur verði gerðar á grundvelli matsins þegar það liggur fyrir og þá komi styrkleikar og veikleikar í ljós jafnframt því að þá verði hægt að taka stefnuna í skólastarfinu fyrir framtíðina.

Mat okkar er að ekkert sjálfsmat í skilningi laga og aðalnámskrár hefur farið fram í Grunnskóla Hornafjarðar til þessa, en vísbendingar eru um að það kunni að breytast á næstu önnum. Skólinn verður að gæta þess að matið sé nógu altækt og árangursmiðað en einskorðist ekki við viðhorfskannanir gegnum netið.

Skýra verður hver sé ábyrgur fyrir sjálfsmatinu.

Eftirlit sveitarstjórnar með skólastarfinu

Skóla-, íþrótt- og tómstundanevnd Hornafjarðar sinnir eftirliti með skólastarfi í grunnskólanum í umboði sveitarstjórnar. Í erindisbréfi skólanefndar Hornafjarðar er ekki vísað í reglugerð nr. 658 frá júlí 2009 um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald. Einungis er sagt að „Í störfum sínum skal skólanefnd taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið hennar“ (39).

Þórgunnur nefnir að sveitarstjórnin fylgist með fjárhag skólans og að skólanefnd sé til staðar en segir: „Verð ekki sérstaklega vör við að þeir fylgist með útfærslu skólastefnu hér. Ekki reglubundið...fundir...Vissulega erfitt á stundum“. Varðandi eftirlit sveitarfélagsins segir Hulda: „Ekki orðið vör við það“.

Hitt og Þetta ehf.

Kennurum og nemendum virðist ekki vera kunnugt um afskipti sveitarstjórnar af málefnum skólans.

Fram kom í máli Ásgerðar, fulltrúa skólanefndar, að hún er ný í skólanefndinni og hefur aðeins mætt á nokkra fundi. Er að setja sig inn í verkefnið. Fundur er einu sinni í mánuði og aukafundir ef til kemur.

Ásgerður taldi að skimunarpróf væru notuð til að greina stöðu nemenda og tryggja þeim viðeigandi þjónustu: „Já, það er gert...allavega þegar ég var hér fyrir nokkrum árum“.

Varðandi ytra mat sveitarfélagsins (mat foreldra, atvinnulífs, viðtökuskóla og fl) var henni ekki kunnugt um hvernig það væri: „Hefur ekki komið upp á fundi...Þekki ekki hvort þetta hefur breyst við sameiningu“. Henni var ekki kunnugt um hvort ytra mat tengdist innra mati skólans: „Nei, ekki til að fullyrða um það“.

Varðandi umræðu um innra mat sagði hún: „Já við höfum verið að ræða þessi mál. Innra matið gekk ekki. Því var keypt þetta skólamat, Outcome. Sóttum um úttekt til að fá fleiri í þetta...utanaðkomandi aðila...gott fyrir nýja skólanefnd að fá þetta...vorum mjög lánsöm að vera dregin út“.

Það er niðurstaða úttektaraðila að skólanefndin geti engan veginn talist sinna eftirlitshlutverki sínu eins og það er nú skilgreint í lögum og reglugerð.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur nýlega gefið út leiðbeiningar og viðmið sem ætlað er til að aðstoða sveitarfélög í að sinna skilgreindu hlutverki sínu. Þetta er: Innra mat grunnskóla - leiðbeiningar og viðmið fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat grunnskóla (40) og yfirlit yfir skyldur og ábyrgð skólanefnda samkvæmt lögum um grunnskóla (41).

Á síðasta fundi skólanefndar voru þessi gögn lögð fram til kynningar (36) og væntanlega mun verða breyting á störfum skólanefndar í kjölfarið.

Mat okkar er að ekki sjást þess nein merki að skólanefnd sinni því eftirliti og upplýsingaskyldu sem henni er ætlað með innra starfi skólans.

Tillögur

- Skilgreina þarf hver sé ábyrgur fyrir sjálfsmatinu í GH.
- Gæta þess að sjálfsmatið sé nógu altækt og árangursmiðað og tryggja tengsl þess við skólanámskrá.



Hitt og þetta ehf.

- Úttektaraðilar telja að mögulega megi virkja nemendur á ýmsan hátt við sjálfsmatið og gera það þannig sýnilegt og sjálfsagt í skólastarfinu.
- Sveitarstjórnin geri átak varðandi eftirlit með innra starfi skólans.

Niðurstöður höfunda

Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar

- Meiri samfella í skólastarfinu eftir sameiningu að mati viðmælenda
- Nýsköpun og listir skipa hærrí sess eftir sameiningu
- Lýðræðisleg vinnubrögð og jafnrétti eru ríkjandi í samskiptum að mati allra
- Mikill vilji er til að efla Grunnskóla Hornafjarða bæði innan skóla og utan
- Jákvætt viðhorf stjórnenda gagnvart menntun og endurmenntun kennara
- Menntunarstig kennara fer hækkandi
- Vilji er hjá stjórnendum til að efla foreldrasamtarf
- Upplýsingaflæði er gott í skólanum og boðleiðir eru greiðar að mati flestra
- Eineltisáætlun fyrir nemendur hefur verið unnin
- Val nemenda er fjölbreytt
- Tengsl skólastiga eru góð
- Allir viðmælendur telja andrúmsloftið í skólanum jákvætt og gott
- Nemendur og foreldrar eru sammála um forsendur námsárangurs
- Ánægja er með sérkennslu skólans
- Skólanefndin sótti um úttekt á starfsemi Grunnskóla Hornafjarðar

Veikleikar

- Sameiningarferlið stendur enn og er hindrandi fyrir skólaþróun Grunnskóla Hornafjarðar
- Skólastefna Grunnskóla Hornafjarðar er ekki fyrir hendi
- Sérstaða skólans birtist ekki með nógu skýrum hætti í þeim gögnum sem fyrir eru
- Útgáfu, umfjöllun og samþykkt skólanámskrár og starfsáætlunar GH er ábótavant
- Vantar betri skilgreiningar á námsmarkmiðum
- Vantar skilgreiningar á einstaklingsmiðun
- Eftirliti sveitarfélagsins með skólastarfinu er ábótavant
- Ekkert sjálfsmat í skilningi laga og aðalnámskrár hefur farið fram til þessa
- Kennarar hafa litla vitneskju um sjálfsmatið
- Starfsáætlun skólans er ábótavant
- Vantar stefnu sveitarfélagsins í málum nemenda sem þurfa sérþjónustu
- Vantar annað stöðugildi sérkennara að skólanum



Hitt og Þetta ehf.

- Eineltisáætlun er ekki nógu vel kynnt
- Tímstundastarf á vegum skólans er lítið sem ekkert
- Val nemenda er nokkuð undir viðmiðum grunnskólalaga
- Starfsemi nemendaverndarráðs er ábótavant
- Forvarnarstarf er illa skilgreint
- Nemendur Grunnskóla Hornafjarðar eru undir landsmeðaltali á samræmdum prófum

Tillögur að aðgerðum til úrbóta

- Skólanefnd og skólastjórar sjái til þess að gerð og útgáfa skólanámskrár, starfsáætlunar skólans, kvaðir um umfjöllun í skólaráði, samþykkt skólanefndar og birtingu standist 29. gr í lögum um grunnskóla frá 2008.
- Sveitarstjórnin geri átak varðandi eftirlit með innra starfi skólans.
- Sveitarstjórnin móti stefnu í málefnum nemenda með sérþarfir.
- Nemendaverndarráð starfi samkvæmt lögum.
- Endir sé bundinn á sameiningarferlið hið fyrsta svo hægt sé að móta stefnu skólans og skilgreina markmið. Í Þróunar – og umbóta áætlun Grunnskóla Hornafjarðar 2007 – 2010 (9) á að leggja áherslu á lærdómsmenningu sem stefnu skólans meðal annars. Fram kemur í nóvember 2010 (15) að ekki sé enn búið að móta framtíðarsýn skólans. Meðan svo er þá er lærdómsmenningin sem stefna óskilgreind.
- Mikill tími hefur farið í „Uppeldi til ábyrgðar“. Lagt er til að hægt verði á þeirri vinnu og tíminn notaður í að móta stefnuna og klára skólanámskrána. „Uppeldi til ábyrgðar“ getur ekki talist jafngildi skólastefnu, aðeins hluti af henni.
- Stjórnendur verða að taka ábyrgð á að allir kennarar stefni í eina átt varðandi stefnu og markmið skólans.
- Meta þarf hvort of mörg verkefni eru í gangi í skólanum samtímis. Ef svo er þá þarf að fækka og forgangsraða.
- Skýra þarf hver ber ábyrgð á skólanámskrá.
- Næsta skólanámskrá verði styttr verulega miðað við það sem nú er og betur verði fylgt kaflanum um markmið og markmiðssetningu og kaflanum um skólanámskrá eins og þeim er lýst í Aðalnámskrá grunnskóla.



Hitt og þetta ehf.

- Skólinn endurskoði, afmarki og skilgreini einstök hugtök og nýti sér hefðbundið form varðandi framsetningu á stefnu skólans, skólanámskrá, starfsáætlun, einstaklingsmiðun og tengsl alls þessa innbyrðis.
- Skoðað verði hvort fullt samræmi sé milli námsmarkmiða, kennsluhátta og námsmats með tilliti til einstaklingsmiðaðs náms.
- Mikilvægt er að sjálfsmatið sé altækt og árangursmiðað og gagnist skólanum í því umbótastarfi sem framundan er.
- Sjálfsmatið verður hugsanlega sýnilegra og sjálfsagðara ef nemendur eru virkjaðir í því.
- Ráðinn verði annar sérkennari að skólanum.
- Áætlanir um þjónustu við nemendur með sérþarfir og nemendur með annað móðurmál en íslensku verði unnar.
- Nemendum á yngri stigi verði tryggð skólafélagsráðgjöf.
- Fagleg einangrun kennara vegna staðsetningar skólans verði rofin með vináttusambandi við stærri skóla.
- Kennarar nýti sér faghandleiðslu sem þeir eiga rétt á samkvæmt kjarasamningum.

Heimildir

1. Breytingar í skólamálum 2006 – 2010, samantekt Skólanefndar Hornafjarðar.
2. Skýrsla starfshóps um breytingar á grunnskóla Hornafjarðar, sveitarfélagið Hornafjörður, desember 2008.
3. Skólastefna sveitarfélagsins Hornafjörður, samþykkt í bæjarstjórn 10. desember 2009.
4. Tillögur stýrihóps um skólastefnu og fyrirkomulag á stjórnunarþætti grunnskóla, tónskóla og leikskóla, 19. desember 2006.
5. Kannanir: PricewaterhouseCoopers, 1999, og Capacent Gallup, 2007.
6. Grunnskólinn á Hornafirði, úttekt á rekstri og stjórnun, KPMG mars 2000.
7. Íslenska og stærðfræði, mat á kennsluháttum í Nesjaskóla, Hafnarskóla og Heppuskóla, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, 2000.
8. Skólinn í tölum: <http://www2.hornafjordur.is/grunnskoli/efni/skolinn/tolum/>, 16.12.2010.
9. Skólanámskrá Grunnskóla Hornafjarðar, almennur hluti 2009 – 2010: http://www.rikivatnajokuls.is/media/haust2009/skolanamskra_grunnskola_Hornafjarðar_juni_09.pdf, 16.12.2010.
10. Erindisbréf fyrir starfshóp sem fylgja skal eftir hugmyndum um breytingar á Grunnskóla Hornafjarðar, bæjarstjóri, september 2008.
11. Skólastefna Sveitafélagsins Hornafjarðar: <http://www2.hornafjordur.is/stjornsysla/stjornsyslan/nr/7178>
12. Skólastefna Grunnskóla Hornafjarðar: <http://www2.hornafjordur.is/grunnskoli/efni/skolastarfid/stefna/>
13. Skólabragur: <http://www2.hornafjordur.is/grunnskoli/efni/skolabragur/>, 17.12.2010.
14. Uppeldi til ábyrgðar: <http://www.rikivatnajokuls.is/grunnskoli/efni/skolabragur/uppeldi/>, 17.12.2010.
15. Úttekt Þróunaráætlun, Þórgunnur Torfadóttir 10. nóvember 2010.
16. Starfsmannastefna Sveitarfélagsins Hornafjörður: <http://www.rikivatnajokuls.is/media/markadsefni/stefnar.pdf>, 20.12.2010.
17. Stýrihópur vegna mótunar fjölskyldustefnu: <http://www.rikivatnajokuls.is/media/stjornsysla/Fjolskyldustefna-2.pdf>, 20.12.2010.
18. Samstarf: <http://www2.hornafjordur.is/grunnskoli/efni/skolinn/samstarf/>, 21.12.2010.
19. Handbók skólans: [http://www2.hornafjordur.is/media/haust2009/handboknetid_\(2\)_09.pdf](http://www2.hornafjordur.is/media/haust2009/handboknetid_(2)_09.pdf), 21.12.2010.

20. Skólaráð: <http://www2.hornafjordur.is/grunnskoli/efni/foreldrar/>, 21.12.2010.
21. Skólafélag sveitarfélaga – Handbók, Björk Ólafsdóttir, Samband íslenskra sveitarfélaga 2010.
22. Lög og reglugerðir um skólamála: <http://www.samband.is/verkefningin/skolamal/log-og-reglugerdir/>, 27.12.2010.
23. Lög um grunnskóla 2008, nr. 91: <http://www.althingi.is/lagas/138a/2008091.html>, 28.12.2010.
24. Aðalnámskrá grunnskóla – drög: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing/efni/namskrar/drog-ad-nyjum-namskram/grunnskolar--namskrardrog/>, 28.12.2010.
25. NEED verkefnið: <http://www.need.is/>, 28.12.2010.
26. Próunarstarf: <http://www2.hornafjordur.is/grunnskoli/efni/throun/>, 28.12.2010.
27. Fundargerðir skólanefndar:
<http://www2.hornafjordur.is/stjornsysla/Nefndirograd/Skolanefnd/nr/7588>, 28.12.2010.
28. Vefpóstur frá Þórgunni Torfadóttur til Jóns Bergssonar, 22. 12. 2010.
29. Aðalnámskrá grunnskóla 2006: <http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/3834>, 28.12.2010.
30. Fundargerðir skólaráðs 2010: <http://www2.hornafjordur.is/grunnskoli/efni/foreldrar/>, 28.12.2010.
31. Vefpóstur frá Ásgerði Gylfadóttur til Jóns Bergssonar, 29.12.2010.
32. Vefpóstur frá Stefáni Ólafssyni til Jóns Bergssonar, 29.12.2010.
33. Valbækningar:
<http://www2.hornafjordur.is/grunnskoli/efni/skolastarfid/valbaeklingar/>, 29.12.2010.
34. Vefpóstur frá Þórgunni Torfadóttur til Jóns Bergssonar, 22.12.2010.
35. Vefpóstur frá Þórgunni Torfadóttur til Jóns Bergssonar, 29.12.2010.
36. Fundargerð skólanefndar 8.12.2000:
<http://www2.hornafjordur.is/stjornsysla/Nefndirograd/Skolanefnd/nr/8264>, 30.12.2010.
37. Vefpóstur frá Þórgunni Torfadóttur til Jóns Bergssonar, 10.11.2010.
38. Heildarniðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla, MMR apríl 2010:
<http://www.menntamalaraduneyti.is/malaflokkar/menntamal/grunnskolar/utgefing/efni/nr/5437>, 30.12.2010.
39. Erindisbréf skóla-, íþrótt- og tómstundaneftndar Hornafjarðar, 20.01.2002:
<http://www2.hornafjordur.is/stjornsysla/Nefndirograd/Skolanefnd/nr/54>, 30.12.2010.



Hitt og þetta ehf.

40. Innra mat grunnskóla, Samband íslenskra sveitarfélaga:
<http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Leidbeiningar-og-vidmid-fyrir-efirlit-med-innra-mati-lokaskjal.pdf>, 30.12.2010.
41. Yfirlit yfir skyldur og ábyrgð skólanefnda samkvæmt lögum um grunnskóla, 2010:
<http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Yfirlit-yfir-skyldur-og-abyrgd-skolaneftnda.pdf>, 30.12.2010.
42. Marita á Íslandi: <http://www.marita.is/>, 03.01.2011.
43. Spá fyrir nemendaþróun í þéttbýlisskólum 2006-2012, október 2006, byggt á upplýsingum úr þjóðskrá og nemendaskýrslum skólanna.
44. Grunnskóli Hornafjarðar 2010-2011.